

SAMANTEKT UMSAGNA 10.12.13

RÍKISSTOFNANIR OG RÁÐUNEYTI:

Skipulagsstofnun – Skipulagsstofnun bendir á að þar sem meginforsendur svo sem íbúðapróun og þörf fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði hafi verið skoðaðar upp á nýtt, þurfi að færa skipulagstimabilið þannig að upphaf þess sé 2012 eða 2013, og nái það þá yfir 12 ára tímabil eins og skipulagslög gera ráð fyrir. *Tillaga að svari: Skipulagstímabilinu verður breytt og verður 2013-2025.*

Skipulagsstofnun telur að fella ætti út byggingaráform sem þegar eru komin til framkvæmda. Einnig kunni að þurfa að endurskoða markmið í ljósi hver árangur hafi náðst og leggja fram skýrari áætlun um hvernig þeim skuli hrint í framkvæmd. *Tillaga að svari: Verður skoðað nánar.*

Þá bendir Skipulagsstofnun á að spá um árlega fjölgun íbúða sé hugsanlega ekki raunhæf miðað við landsmeðaltalsvöxt. *Tillaga að svari: Verður skoðað nánar með hliðsjón af spá fyrir höfuðborgarsvæðið.*

Skipulagsstofnun bendir á að nágrannasveitarfélögin styðjist við nýja skipulagsreglugerð, og þó svo að Hafnarfjörður hafi lagaheimild etil að styðjast við eldri reglugerðina mæli Skipulagsstofnun með að fremur verði stuðst við nýju reglugerðina. (Á fundi með Skipulagsstofnun kom fram að ekki þurfi að leggja fram nýja skipulagslýsingu vegna þess.) Greinargerðin er ítarleg, en þó vanti að gera grein fyrir stærð landnotkunarreitna, bæði núverandi byggðar og nýrra svæða. Æskilegt væri að útbúa töflu sem sýni stærð svæða ásamt stuttri lýsingu á svæðinu svo sem helstu einkenni, þéttleika byggðar, sérstök not og annað sem þurfa þykki. Auðkenna mætti landnotkunarreiti með bókstaf á uppdrætti og vísa í töfluna. *Tillaga að svari: Farið verður eftir þessum leiðbeiningum og stuðst við nýju skipulagsreglugerðina.*

Skipulagsstofnun bendir á að gera þurfi grein fyrir hvernig aðalskipulagstillagan samræmist gildandi svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, þ.á.m. fjölda íbúða á byggðasvæðum og magn atvinnuhúsnæðis, þróun byggðar í suðurhluta Hafnarfjarðar og vatnsvernd. *Tillaga að svari: Gerð verður grein fyrir þessu, en í umsögn fagráðs svæðisskipulags kemur fram að ekki sé þörf að uppfylla alla landnotkunarreiti svæðisskipulagsins.*

Skipulagsstofnun telur að við mat á umhverfisáhrifum tillögunnar þurfi að styðjast við lög um umhverfismat áætlana sem tóku gildi eftir að fyrri umhverfisskýrsla var unnin. Hægt sé að meta áhrif breyttrar stefnu á sömu þætti og gert var í umhverfismatinu eða einskorða sig við tiltekna þætti sem snúa beint að breytingunum. M.a. meta áhrif af náttúruvá, samgöngum og iðnmaðarstarfsemi í umhverfisþáttinn lýðheilsu vegna loftgæða, gæða vatns og eldsumbrota. Bent er á að gera þrf grein fyrir tengslum við aðrar áætlanir stjórnvalda og að tilgangur og framkvæmd vöktunar þurfi að vera skýr, hvaða upplýsingum verði sarnað, hver beri ábyrgð á söfnun þeirra og til hvers gögnin verði nýtt. *Tillaga að svari: Nýtt umhverfismat verður framkvæmt fyrir breytingarnar.*

Loks bendir Skipulagsstofnun á að við endurskoðun aðalskipulagsins þurfi að yfirfara og samræma landnotkun í öllu sveitarfélaginu og setja fram í heildstæðri greinargerð. Samkvæmt lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun þurfi Hafnarfjarðarbær að taka ákvörðun um landnotkun á svæðum sem falla undir rammaáætlun um orkunýtingu

landsvæða. Heimilt sé þó að fresta ákvörðun um 10 ár. *Tillaga að svari: Farið verður eftir þessum tilmælum.*

Á fundi með Skipulagsstofnun kom auk þess fram að sýna þurfi skógrækt á korti eða í umfjöllun og gera þurfi grein fyrir stofnkerfi veitna. *Tillaga að svari: Farið verður eftir þessum tilmælum.*

Vegagerðin – Vegagerðin gerir athugasemd við flokkun nokkurra vega og merkingu á uppdrætti. Ennfremur við tímasetningu mislægra gatnamóta frá miðbæ Garðabæjar að Engidal. Þá fagnar Vegagerðin að hætt sé við færslu Reykjanesbrautar. *Tillaga að svari: Flokkun gatna verður lagfærð, en Reykjanesbraut færð og fundin ný lega.*

Landsnet – Landsnet gerir athugasemd við markmið um byggð, þar sem notað er heitið dreifistöð í stað tengivirkis og talað um að tengivirkið í Hamranesi muni breytast í að vera minni spennistöð. Landsnet segir að megin tengivirki fyrir Hafnarfjörð verði staðsett í Hrauntungum og tengivirkið í Hamranesi muni tengjast því með jarðstrengjum. Í framtíðinni muni engar loftlínur tengjast tengivirkinu í Hamranesi, einungis jarðstrengir. *Tillaga að svari: Orðalagið verður lagfært.*

Landsnet bendir á að leiðrétting marka brunnsvæðis við Mygludali sé mikilvæg. *Tillaga að svari: Leiðrétting marka brunnsvæðisins bíður endurskoðunar vatnsverndarmarka höfuðborgarsvæðisins.*

Landsnet bendir á að texti í breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar vegna Suðvesturlína sé nákvæmari en textinn í greinargerð með heildarendurskoðun aðalskipulagsins. Landsnet bendir á að Landsnet sjái um flutning rafmagns til Hafnarfjarðar, en HS-veitur sjái um dreifingu þess til Hafnarfjarðar að frátöldu álverinu í Straumsvík, sem Landsnet sér um dreifingu til. *Tillaga að svari: Orðalag verður lagfært.*

Landsnet bendir á að engar viðræður hafi átt sér stað við fyrirtækið vegna strengsetningar á allri Hnoðraholtslínu innan Hafnarfjarðar og sé slík framkvæmd ekki á áætlunum Landsnets. *Tillaga að svari:*

Landsnet leggur til að í stað þess að segja að Hamraneslínur 1 og 2 verði rifnar í skipulagstímabilinu segi að þær verði rifnar þegar ný lína hefur verið reist frá Sandskeiði til Hafnarfjarðar sem tekur við hlutverki þeirra. *Tillaga að svari: Hafnarfjarðarbær leggur áherslu á að línurnar verði rifnar á skipulagstímabilinu og vísar til samkomulags Hafnarfjarðarbæjar og Landsnets um að þær verði horfnar eigi síðar en árið 2020.*

Landsnet vill leiðrétta að fyrirhugað sé að bæta einni línu við Ísallínur 1 og 2, heldur verði Ísallínur 1 og 2 lagðar af og í stað þess reistar tvær loftlínur frá nýju tengivirki við Hrauntungur að álverinu. *Tillaga að svari: Verður leiðrétt í texta.*

Landsnet gerir athugasemd við texta sem segir að nýjar 400 kV línur tengi Hamranes við Brennimeil og Kolviðarhól vegna virkjana á Hellisheiði og tengist m.a. hugmyndum um stóriðju á Suðurnesjum og frekari virkjanahugmyndum á svæðinu. Almennt sé tilgangurinn að auka afhendingaröryggi raforku á svæðinu og styrkja orkuflutningskerfið til að anna framtíðarflutningsþörf vegna aukinnar orkuframleiðslu, atvinnuuppbyggingar og þjónustu við dreifiveitur. *Tillaga að svari: Verður skoðað nánar.*

Landsnet leiðréttir að Suðurnesjalína sé í eigu Hitaveitu Suðurnesja, heldur sé hún í eigu Landsnets. *Tillaga að svari: Verður leiðrétt.*

Landsnet bendir á að ekki sé rétt að segja að engar raflínur muni í framtíðinni liggja að Hamranestengivirkinu. *Tillaga að svari: Í textanum var átt við loftlínur, og verður það leiðrétt sbr. fyrri lið í umsögn Landsnets.*

Landsnet gerir athugasemd við að á skipulagsupprætti sé sýnt tengivirki milli Hamranesvirkis og fyrirhugaðs Hrauntunguvirkis. *Tillaga að svari: Verður leiðrétt á upprætti.*

Að lokum bendir Landsnet á að virða þurfi helgunarsvæði háspennulína og að nauðsynlegt sé að tryggja aðgang að línunum vegna eftirlits, viðhalds og viðgerða.

Skógrækt ríkisins - Skógrækt ríkisins vekur athygli á því að í nýjum skipulags- og byggingarlögum og fylgjandi skipulagsreglugerð 90/2013 er skógrækt og landgræðsla nýr landnotkunarflokkur. Skógrækt ríkisins mælir með því að Hafnarfjarðarbær noti þessa skilgreiningu og afmarki núverandi og framtíðar skógræktarlönd með þessum hætti á skipulagsupprætti og í greinargerð sem fylgir endurskoðun Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2005–2025, þar sem það á við. *Tillaga að svari: Skógræktarsvæði verða auðkennd á upprættinum.*

Isavia – Gerir ekki efnislegar athugasemdir, en bendir á að hindranafletir í nágrenni Reykjavíkurlflugvallar hafi í fær með sér hæðartakmarkanir á byggingum.

Veðurstofa Íslands – ekki borist

Kirkjugarðaráð – ekki borist

Umhverfisstofnun – ekki borist

Samgöngustofa – ekki borist

Minjastofnun Íslands – ekki borist

Forsætisráðuneyti – Taka ekki afstöðu þar sem engar þjóðlendur innan svæðisins.

AÐRAR STOFNANIR:

Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins – SHS fagnar því að aukið tillit sé tekið til öryggis almennings í nýrri reglugerð og að meiri áhersla verði lögð á að draga úr hættu sem getur steðjað að íbúum og fyrirtækjum á öllum stigum skipulags. Huga má að því við gerð aðalskipulags að iðnaður með mengandi eða hættulega starfsemi sé ekki of nærri íbúabyggð og má hugsa sér að hverfi séu skilgreind fyrir mismunandi tegund iðnaðar. Má hugsa sér að hægt sé að vísa í þær skilgreiningar við vinnslu starfsleyfisumsókna fyrir slík fyrirtæki og koma þannig á veg fyrir að þau fíki sig of nærri íbúabyggð. Ekki er mikið hægt að gera til að draga úr hættunni á gróðureldum en hægt er að auðvelda aðgang fyrir slökkvilið. Þetta má meðal annars gera með því að hafa aðkomuleiðir greiðfærar og hugsanlega að göngustígar séu sumir hverjir undirbyggðir og því færir slökkvibílum. Til þess að auka öryggi íbúa í hverfum er mjög mikilvægt að a.m.k tvær akstursleiðir séu úr hverfum. Þetta tryggir að fólk

eigi undankomuleið þótt önnur leiðin sé ófær af einhverjum orsökum. *Tillaga að svari: Tekið verður mið af þessum leiðbeiningum.*

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis – Ekki borist.

SVEITARFÉLÖG:

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu - Það er mat fagraðs að tillaga að aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005 - 2025 sé í öllum meginatriðum í góðu samræmi við gildandi svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins. Í tillögunni eru dregið nokkuð úr uppbyggingaráformum á suðursvæði Hafnarfjarðar á þann hátt að ekki eru öll uppbyggingarsvæði sem sýnd eru á svæðisskipulagsupprættinum nýtt til uppbyggingar. Mat fagraðs er að þó í því felist ákveðið ósamræmi kalli það ekki á breytingu á svæðisskipulagi þó eitt sveitarfélag kjósi að koma heimilaðri uppbyggingu fyrir á minna svæði en það hefur tók á. Með því að nýta ekki allt það landsvæði sem Hafnarfjörður hefur úr að spila verði nýting lands betri sem sé í góðu samræmi við markmið svæðisskipulagsins.

Fagrað bendir á að ekki sé hægt að gera breytingar á vatnsverndarsvæðum í aðalskipulagi Hafnarfjarðar nema að undangenginni breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001 - 2024 og svæðisskipulagi um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu. *Tillaga að svari: Mörk vatnsverndar verða fær til fyrra horfs þar til niðurstaða heildarendurskoðunar vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu liggur fyrir.*

Grindavíkurbær – Engar aths, en áréttað að ef stefnt sé að vatnstöku í Fagradal þurfi það að gerast í samráði við Grindavíkurbæ. Einnig bent á óvissu varðandi sveitarfélagamörkin.

Kópavogur – Engar athugasemdir.

Vogar – Engar athugasemdir.

Mosfellsbær – Engar athugasemdir

Reykjavík – ekki borist

Seltjarnarnesbær – ekki borist

Garðabær – ekki borist

FYRIRTÆKI, FÉLAGASAMTÖK OG EINSTAKLINGAR:

Rio Tinto Alcan á Íslandi. – Rio Tinto Alcan telur að ef hætt verði við færslu Reykjanesbrautar muni það standa í vegi fyrir hugsanlegri stækkun álversins. Vitnað er í kaupsamning frá 2003, þar sem Hafnarfjarðarbær skuldbindur sig til að útvega Vegagerðinni land fyrir flutning brautarinnar og að vegurinn skuli fluttur eigi síðar en þegar hagsmunir kaupanda krefjist þess. Fyrirtækið óskar því eftir því að áfram verði gert ráð fyrir færslu Reykjanesbrautar í aðalskipulaginu. *Tillaga að svari: Fundin verður ný lega fyrir færslu Reykjanesbrautar.*

RTA gerir athugasemvi að talað sé um "bráðabirgða þynningarsvæði" á skipulagsuppdrættinum. Ennfremur fyrirvara í texta greinargerðar um viðurkenningu á starfsleyfi fyrir 460.000 ársframleiðslu. *Tillaga að svari: Textinn verður endurskoðaður.*

RTA telur að tvöföldun í núverandi vegstæði torveldi verulega aðgengi að vatnsveitu þess suðaustan Reykjanesbrautar. Þá telur RTA að tvöföldun í núverandi vegstæði kalli á færslu hluta hjólréiða- og göngustígs að álverinu. *Tillaga að svari: Vísað í fyrra svar varðandi færsluna.*

RTA telur mikilvægt að nýtt tengivirki verði yfirbyggt vegna afhendingaröryggis á rafmagni til fyrirtækisins, og að aðalskipulagið komi ekki í veg fyrir það. *Tillaga að svari: Verður skoðað í deiliskipulagi.*

Að lokum gerir RTA athugasemd að fyrirtækið sé ekki talið upp meðal helstu landeigenda í Hafnarfirði. *Tillaga að svari: Verður leiðrétt.*

Skógræktarfélag Hafnarfjarðar - Skógræktarfélag Hafnarfjarðar mælir með að skógræktarsvæði sem félagið hefur umsjón með verði merkt sem slík, en ekki sem svæði til annarra nota, eins og verið hefur. *Tillaga að svari: Skógræktarsvæðin verða merkt sem slík.*

Orkuveita Reykjavíkur – OR fagnar því að fjárfestingar í grunngerð verði ekki hraðari en eftirspurn eftir lóðum. Þess verði gætt að tryggja rými fyrir nauðsynleg veitukefi þannig að þau anni eftirspurn. Varðandi þéttingu byggðar verði tekið tillit til legu stofnæða hitaveitu og þess gætt að skerða ekki möguleika til stækkunar í framtíðinni.

Fram kemur í umhverfisskýrslu að breytingar á brunnsvæði við Mygludali geti mögulega haft neikvæð áhrif æa vatnstöku þar og þar með öryggi til vatns, en ekki sé ljóst hver áhrifin gætu verið. OR telur mikilvægt að varpað sé ljósi á hver áhrifin verði. *Tillaga að svari: Brunnsvæði við Mygludali er ekki áformað sem vatnstökusvæði, og verða breytingarnar metnar í endurskoðun vatnsverndarmarka höfuðborgarsvæðisins.*

Í umhverfisskýrslu kemur fram að ekki séu taldar miklar líkur á því að framkvæmdir og búseta á Valla- Áslands- og Hamraneshverfum muni hafa neikvæð áhrif á grunnvatn. Einnig að stefnt sé að því að efnistöku ljúki innan skamms í númunum við Óbrynnishóla og Undirhlíðar sem eru innan vatnsverndarsvæða. OR gerir ekki athugasemd við þessa þætti.

Afstaða OR er að stefna um vatnsvernd fyrir vatnsból í skipulagi feli í sér yfirlýsingu um að beina eigi frá slíkum svæðum þeim framkvæmdum og starfsemi sem getur mengað grunnvatn og vatnsból og telur mikilvægt að í skipulagsáætlunum komi fram að gæði ómeðhöndlaðs neysluvatns verði einn af mælikvörðum um gæði umhverfis. *Tillaga að svari: Tekið er undir þessa ábendingu.*

Geymslusvæðið - Landeigandi er ósáttur við að deiliskipulag Kapelluhraun 1 og 2 er ekki aðlagð að þeirri ákvörðun að Reykjanesbraut færist ekki eins og áformað var. Það virðist ekki verið nægjanlega hugsað um tengingar við suð-vestur enda svæðisins eða Stálhelli en á skipulaginu er bara sýnd tenging hverfisins við Koparhelli.

Guðmundur Fylkisson - leggur til að götur í athafnasvæðisluta Hellnahrauns 3 verði gerðar aðgengilegar fyrir ferðaþjónustufyrirtæki með því að ákveða að til ársins 2025 verði heimilt að hafa þar sumarhúsabyggð sem verði til útleigu fyrir ferðamenn.

HS-veitur – ekki borist